# Reykjanesbær

Ársreikningur 2003

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

Kt. 470794-2169

# Reykjanesbær

## Ársreikningur 2003

Efnisyfirlit.


| | |
|---|---|
| Áritun endurskoðenda. ...................................... | 2 |
| Skýrsla stjórnar.................................................. | 3 |
| Rekstrarreikningur............................................. | 4 |
| Efnahagsreikningur ........................................... | 5-6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi ....................................... | 7 |
| Skýringar ........................................................... | 8-19 |

# Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Reykjanesbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Eins og nánar var greint frá í ársreikningi síðasta árs er starfseminni nú skipt í a-hluta annars vegar og b-hluta hins vegar. Til a-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í b-hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar sem eru: Fráveita og Vatnsveita Reykjanesbæjar, Reykjaneshöfn, Fasteignir Reykjanesbæjar ehf., Húsnæðisnefnd Reykjanesbæjar, Framkvæmdasjóður aldraðra í Reykjanesbæ og Álfabrú ehf.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 3.515,8 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir a og b hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 3.458,5 milljónir króna. Rekstrartekjur a-hluta námu um 3.170 milljónir króna en fjárhagsáætlunin gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 3.118,5 milljónir króna.

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu um 1.932,7 milljónum króna en starfsmannafjöldi sveitarfélagsins nam 533,5 stöðugildum í árslok.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi a og b hluta var tap að fjárhæð um 88,9 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir tapi sem nam um 690,7 milljónum króna. Rekstrarniðurstaða a-hluta var tap að fjárhæð um 30,6 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir tapi um 534,3 milljónir króna.

Heildareignir bæjarsjóðs námu um 7.987,7 milljónum króna og heildareignir sveitarfélagsins í samanteknum ársreikningi um 11.023,1 milljónum króna í árslok 2003. Heildarskuldir bæjarsjóðs námu um 4.231,8 milljónum króna og í samanteknum ársreikningi um 7.512,2 milljónum króna á sama tíma. Eigið fé bæjarsjóðs nam um 3.755,9 milljónum króna og eigið fé í samanteknum reikningsskilum nam um 3.510,9 milljónum króna í árslok 2003.

Íbúafjöldi Reykjanesbæjar 1. desember 2003 var 10.907 og var fækkun um 7 einstaklinga frá fyrra ári.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar og bæjarstjóri staðfesta hér með ársreikning Reykjanesbæjar fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Reykjanesbæ, 1. júní 2004

Árni Sigfússon
bæjarstjóri

Björk Guðjónsdóttir
forseti bæjarstjórnar

Jóhann Geirdal

Böðvar Jónsson

Ólafur Thordersen

Þorsteinn Erlingsson

Guðbrandur Einarsson

Steinþór Jónsson

Sveindís Valdimarsdóttir

Sigríður Jóna Jóhannesdóttir

Kjartan Már Kjartansson

# Áritun endurskoðenda og skoðunarmanna

Til bæjarstjórnar Reykjanesbæjar

Við höfum endurskoðað ársreikning bæjarsjóðs og samantekinn ársreikning Reykjanesbæjar og fyrirtækja hans fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af bæjarstjórn og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér athugun á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Reykjanesbæjar á árinu 2003, efnahag 31. desember 2003 og breytingu á hreinu veltufé á árinu 2003, í samræmi við lög og reglur um reikningsskil sveitarfélaga á Íslandi.

Keflavík, 6. maí 2004

**Deloitte hf.**

Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn bæjarsjóðs Reykjanesbæjar höfum yfirfarið ársreikning bæjarsjóðs Reykjanesbæjar fyrir árið 2003. Við höfum fengið þær upplýsingar sem við höfum óskað eftir og sjáum engar ástæður til athugasemda. Með vísan til þess og áritunar endurskoðenda leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Keflavík, 6. maí 2004

Júlíus Jónsson

Reynir Ólafsson

# Rekstrarreikningur ársins 2003

| | Skýr. | Bæjarsjóður 2003 | Bæjarsjóður Áætlun | Bæjarsjóður 2002 | Samantekið a og b hluti 2003 | Samantekið a og b hluti Áætlun | Samantekið a og b hluti 2002 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | 3 | | | | | | |
| Skatttekjur | | 2.265.025 | 2.373.630 | 2.284.456 | 2.250.253 | 2.373.235 | 2.274.030 |
| Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga | | 322.146 | 209.950 | 231.085 | 322.146 | 209.950 | 231.085 |
| Þjónustutekjur | | 578.583 | 530.564 | 505.648 | 793.090 | 762.659 | 731.919 |
| Eignatekjur | | 4.219 | 4.370 | 4.553 | 150.344 | 112.710 | 117.780 |
| | | 3.169.974 | 3.118.514 | 3.025.741 | 3.515.833 | 3.458.554 | 3.354.814 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | 1.877.184 | 1.769.106 | 1.688.079 | 1.932.755 | 1.822.833 | 1.763.848 |
| Vöru- og þjónustukaup | | 1.639.426 | 1.485.070 | 1.120.333 | 1.934.497 | 1.692.842 | 1.313.482 |
| Styrkir og framlög | | 483.042 | 486.668 | 440.417 | 470.063 | 486.668 | 434.847 |
| Afskriftir | | 36.315 | 5.000 | 77.634 | 132.792 | 69.657 | 174.484 |
| | | 4.035.966 | 3.745.843 | 3.326.463 | 4.470.107 | 4.072.000 | 3.686.661 |
| **Rekstrartap fyrir aðrar tekjur og gjöld** | | (865.992) | (627.329) | (300.722) | (954.273) | (613.447) | (331.847) |
| **Aðrar tekjur og gjöld** | | | | | | | |
| Söluhagnaður fasteigna | | 858.682 | 0 | 204.669 | 890.175 | 0 | 0 |
| Tekjur af hlutdeildarfélögum | | 0 | 0 | 0 | 304.507 | 0 | 326.630 |
| Lífeyrisskuldb. - breyting vegna fyrri ára | | (148.133) | 0 | (392.770) | (148.133) | 0 | (392.770) |
| | | 710.549 | 0 | (188.101) | 1.046.549 | 0 | (66.140) |
| **Rekstrarhagnaður (-tap)** | | (155.444) | (627.329) | (488.823) | 92.275 | (613.447) | (397.987) |
| Fjármunatekjur (-fjármagnsgjöld) | 5 | 124.813 | 93.000 | 320.716 | (181.252) | (77.329) | 92.110 |
| **Tap** | | (30.631) | (534.329) | (168.107) | (88.977) | (690.776) | (305.877) |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | Bæjarsjóður 31.12.2003 | Bæjarsjóður 31.12.2002 | Samantekið a og b hluti 31.12.2003 | Samantekið a og b hluti 31.12.2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir** | 7,8 | | | | |
| Fasteignir og byggingarland | | 451.391 | 2.439.266 | 2.474.746 | 4.424.551 |
| Götur og veitukerfi | | 36.129 | 15.989 | 410.976 | 806.207 |
| Hafnarmannvirki | | 0 | 0 | 571.724 | 338.587 |
| Tæki, bifreiðar og lóðsbátur | | 10.013 | 53.035 | 31.662 | 88.057 |
| | | 497.533 | 2.508.291 | 3.489.108 | 5.657.402 |
| **Áhættufjármunir og langtímakröfur** | | | | | |
| Eignarhlutir í hlutdeildar- og dótturfélögum | 9 | 4.955.953 | 4.954.953 | 5.331.080 | 4.483.513 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 9 | 87.214 | 107.882 | 87.214 | 107.882 |
| Skuldabréf | 10 | 381.343 | 53.508 | 487.538 | 170.791 |
| Skuldabréf við eigin sjóði og félög | | 462.865 | 835.269 | 0 | 0 |
| Aðrar langtímakröfur | 11 | 164.733 | 206.460 | 168.216 | 216.842 |
| | | 6.052.108 | 6.158.071 | 6.074.048 | 4.979.028 |
| **Fastafjármunir** | | 6.549.641 | 8.666.362 | 9.563.156 | 10.636.430 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| **Vörubirgðir** | | | | | |
| Birgðir | 2 | 548 | 4.344 | 548 | 14.033 |
| | | 548 | 4.344 | 548 | 14.033 |
| **Skammtímakröfur** | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | 12,13 | 527.704 | 482.016 | 566.984 | 525.920 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 83.659 | 59.654 | 116.775 | 77.542 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki B-hluti | | 76.678 | 71.328 | 0 | 0 |
| Næsta árs og gjaldfallnar afborganir skuldabréfaeignar | | 171.171 | 76.277 | 184.736 | 82.268 |
| | | 859.213 | 689.275 | 868.495 | 685.730 |
| **Handbært fé** | | | | | |
| Bankainnistæður og sjóður | | 578.278 | 77.040 | 590.878 | 87.684 |
| | | 578.278 | 77.040 | 590.878 | 87.684 |
| **Veltufjármunir** | | 1.438.038 | 770.659 | 1.459.920 | 787.447 |
| **Eignir** | | 7.987.680 | 9.437.021 | 11.023.077 | 11.423.877 |

# 31. desember 2003

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | Bæjarsjóður 31.12.2003 | Bæjarsjóður 31.12.2002 | Samantekið a og b hluti 31.12.2003 | Samantekið a og b hluti 31.12.2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Eigið fé | 14 | 3.755.880 | 3.819.164 | 3.510.871 | 3.053.569 |
| **Eigið fé** | | 3.755.880 | 3.819.164 | 3.510.871 | 3.053.569 |
| **Skuldir** | | | | | |
| **Skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 15 | 1.461.669 | 1.248.715 | 1.486.536 | 1.273.408 |
| | | 1.461.669 | 1.248.715 | 1.486.536 | 1.273.408 |
| **Langtímaskuldir** | 16 | | | | |
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum | | 1.500.644 | 2.138.437 | 1.500.644 | 2.488.258 |
| Skuldir í íslenskum krónum | | 556.512 | 1.211.792 | 3.456.011 | 3.394.753 |
| | | 2.057.156 | 3.350.229 | 4.956.654 | 5.883.011 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 110.973 | 186.476 | 309.016 | 233.171 |
| Viðskiptaskuldir | | 104.362 | 76.744 | 165.559 | 84.543 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki B-hluti | | 75.495 | 2.238 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 161.715 | 198.932 | 198.552 | 224.951 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 17 | 260.430 | 554.522 | 395.888 | 671.224 |
| | | 712.974 | 1.018.913 | 1.069.015 | 1.213.889 |
| **Skuldir og skuldbindingar** | | 4.231.799 | 5.617.857 | 7.512.206 | 8.370.308 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 7.987.680 | 9.437.021 | 11.023.077 | 11.423.877 |
| **Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar** | 18,19 | | | | |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2003

| | Skýr. | Bæjarsjóður 2003 | Bæjarsjóður 2002 | Samantekið a og b hluti 2003 | Samantekið a og b hluti 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | (30.631) | (168.107) | (88.977) | (305.877) |
| **Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:** | | | | | |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna | | 36.315 | 77.634 | 132.792 | 174.484 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | | (858.682) | (204.669) | (891.196) | 226 |
| Sölutap hlutabréfa | | 2.068 | 0 | 2.068 | 0 |
| Afskriftir skuldabréfaeignar | | 4.265 | 3.993 | 26.765 | 7.868 |
| Afskriftir hlutabréfaeignar | | 17.263 | 0 | 17.263 | 0 |
| Verðbætur og gengismunur | | (34.938) | 40.598 | 32.848 | (343.099) |
| Hlutdeildartekjur að frádregnum arðtekjum | | 0 | 0 | (195.265) | (237.455) |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | | 212.954 | 0 | 213.128 | 403.113 |
| **Hreint veltufé til rekstrar** | | (651.385) | (250.552) | (750.574) | (300.740) |
| **Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:** | | | | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | | 3.797 | 6.483 | 13.485 | 6.483 |
| Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) | | (45.688) | (28.302) | (52.766) | (28.302) |
| Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | (24.004) | 748 | (30.848) | (5.082) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | (9.599) | 40.958 | 52.232 | 165.743 |
| Skammtímaliðir á b - hluta fyrirtæki | | 35.253 | 105.245 | 0 | 0 |
| **Handbært fé til rekstrar** | | (691.628) | (125.419) | (768.470) | (161.898) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | |
| Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum | | (63.709) | (200.166) | (513.082) | (203.140) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | 2.896.833 | 0 | 3.334.753 | 0 |
| Breyting ógreidds ríkisframlags til hafnargerðar | | 0 | 0 | (1.289) | 11.031 |
| Fjárfest í eignarhlutum í öðrum félögum | | 0 | (12.373) | 0 | (11.873) |
| Seld hlutabréf | | 336 | 0 | 336 | 0 |
| Afborgun langtímakröfu | | 46.502 | 0 | 46.502 | 0 |
| Afborgun langtímakröfu b - hlutafyrirtækis | | 388.296 | 0 | 0 | 0 |
| Ný skuldabréfaeign | | (448.057) | (36.667) | (448.057) | (36.667) |
| Afborgun skuldabréfaeignar | | 20.052 | 35.684 | 20.052 | 35.684 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | 2.840.253 | (213.523) | 2.439.215 | (204.965) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Skammtímalán | | (75.503) | 90.179 | 75.844 | 118.313 |
| Nýjar langtímaskuldir | | 169.777 | 590.000 | 628.854 | 743.000 |
| Afborganir langtímaskulda | | (1.741.661) | (305.380) | (1.872.250) | (452.171) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | (1.647.387) | 374.800 | (1.167.551) | 409.142 |
| **Hækkun (lækkun) handbærs fjár** | | 501.238 | 35.857 | 503.193 | 42.279 |
| **Handbært fé í upphafi árs** | | 77.040 | 41.183 | 87.684 | 45.405 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 578.278 | 77.040 | 590.878 | 87.684 |

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, lög um ársreikninga, nr 144/1994, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001.

   Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í a og b-hluta. Til a-hluta telst bæjarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð og þjónustustöð.

   Til b-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir b-hluta eru: Fráveita Reykjanesbæjar, Vatnsveita Reykjanesbæjar, Framkvæmdasjóður aldraðra, Húsnæðisnefnd Reykjanesbæjar, Reykjaneshöfn, Fasteignir Reykjanesbæjar ehf. og Álfabrú ehf.

   Ársreikningur Reykjanesbæjar fyrir árið 2003 hefur að geyma ársreikning fyrir bæjarsjóð og samantekinn ársreikning fyrir a og b-hlutana.

   Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar fyrir árið 2003 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

## Helstu reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

### Ársreikningur bæjarssjóðs

Ársreikningur bæjarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustustöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda bæjarsjóð færð út.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til bæjarsjóðs og b-hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur bæjarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli bæjarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.
Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.
Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjurfærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda eða óvenjulegra liða eftir því sem við á, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

## Gjaldfærslur á tímabil

Gjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

## Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutar í félögum eru færðir niður í markaðsverð eða matsverð þar sem það er lægra en kostnaðarverð og niðurfærsla gjaldfærð í rekstrarreikningi.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir bæjarsjóðs eru nú færðir á matsverði sbr. viðmiðun Félagsmálaráðuneytis eða framreiknuðu kostnaðarverði til ársloka 2001 að frádreginni árlegri afskrift sem miðuð er við áætlaðan líftíma eignanna. Frá og með árinu 2002 eru varanlegir rekstrarfjármunir ekki framreiknaðir. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði eignanna og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum.

Stofnverð nýrra gatna- og veitukerfa er eignfært að frádregnum gatnagerðar- og heimæðargjöldum og sérstökum fráveituskatti.

Framlög jöfnunarsjóðs til stofnframkvæmda færast til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum endingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir................................................................ | 25 til 50 ár |
| Lóðir og lönd vegna skipulags, gatnakerfi ............ | 25 til 50 ár |
| Veitukerfi.............................................................. | 50 ár |
| Hafnarmannvirki .................................................. | 7 til 25 ár |
| Lóðsbátur ............................................................ | 12 ár |
| Aðrar eignir........................................................... | 3 til 8 ár |

# Skýringar

## Eignarhlutar í félögum

Frá 1. janúar 2002 hafa eignarhlutar bæjarsjóðs í öðrum félögum verið færðir á kostnaðarverði í ársreikningi bæjarsjóðs eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra og frá sama tíma er ekki færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi bæjarsjóðs. Bókfæru verði eignarhluta sem voru í eigu bæjarsjóðs í árslok 2001 hefur ekki verið breytt.

Í samanteknum ársreikningi eru eignarhlutir bæjarsjóðs í hlutdeildarfélögum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð.

## Eignir utan efnahags

Lönd og lóðir í eigu Reykjanesbæjar eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi, ef frá er talið land sem keypt hefur verið vegna skipulags eða lóðaúthlutunar.

## Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. kafla um niðurfærslu eigna.

## Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði. Hæfilegt tillit hefur tekið til úreltra og gallaðra vara.

## Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði auk áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr kafla um niðurfærslu eigna.

## Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóð, innstæðum í bönkum í innlendum og erlendum gjaldeyri og öðrum sambærilegum eignum sem eiga það sameiginlegt að vera handbærar innan þriggja mánaða.

## Skuldbindingar

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

## Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar til verðlags í árslok eins og lánakjör segja til um. Skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

## Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta ef um vaxtaberandi skuldir er að ræða.

# Skýringar

## Rekstrartekjur

3. Rekstrartekjur greinast þannig:

| | Bæjarsjóður | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | 2003 | Fjárhags-áætlun 2003 | 2003 | Fjárhags-áætlun 2003 |
| **Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Útsvör | 2.001.924 | 2.112.000 | 2.001.924 | 2.112.000 |
| Fasteignaskattur | 219.030 | 217.630 | 204.258 | 217.235 |
| Lóðarleiga | 44.071 | 44.000 | 44.071 | 44.000 |
| | 2.265.025 | 2.373.630 | 2.250.253 | 2.373.235 |
| **Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Þjónustuframlag | 202.188 | 120.000 | 202.188 | 120.000 |
| Almennt grunnskólaframlag | 98.408 | 62.000 | 98.408 | 62.000 |
| Framlag vegna sérþarfa barna | 16.600 | 23.000 | 16.600 | 23.000 |
| Framlag vegna nýbúa | 4.950 | 4.950 | 4.950 | 4.950 |
| | 322.146 | 209.950 | 322.146 | 209.950 |
| **Aðrar tekjur** | | | | |
| Þjónustutekjur | 578.583 | 530.564 | 793.090 | 762.659 |
| Eignatekjur | 4.219 | 4.370 | 150.344 | 112.710 |
| | 582.802 | 534.934 | 943.434 | 875.369 |
| Rekstrartekjur samtals | 3.169.974 | 3.118.514 | 3.515.833 | 3.458.554 |

**Álagningarhlutföll**

| | |
|---|---|
| Útsvar | 12,70% |
| Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði | 0,36% |
| Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði og óbyggt land | 1,65% |

## Laun og launatengd gjöld

4. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Bæjarsjóður | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| Laun | 1.529.281 | 1.498.427 | 1.562.870 | 1.528.977 |
| Launatengd gjöld | 283.082 | 270.679 | 304.890 | 293.857 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 64.821 | 0 | 64.995 | 0 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 1.877.184 | 1.769.106 | 1.932.755 | 1.822.833 |
| Stöðugildi í árslok 2003 | 526,5 | | 533,5 | |
| Starfsmannafjöldi í árslok 2003 | 619 | | 626 | |

Laun bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu um 34,1 milljón króna.

# Skýringar

## Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | Bæjarsjóður | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | 2003 | Fjárhags-áætlun 2003 | 2003 | Fjárhags-áætlun 2003 |
| Vaxtatekjur frá fyrirtækjum í félagasamstæðu...................... | 32.955 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar vaxtatekjur................................................................ | 90.527 | 45.500 | 95.662 | 55.896 |
| Gengismunur veltufjármuna .............................................. | 304 | 0 | 304 | 0 |
| Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður...................................... | 120.029 | 119.000 | 10.787 | 119.000 |
| Fjármagnstekjuskattur ....................................................... | (16.499) | (13.500) | (16.499) | (13.500) |
| | 227.316 | 151.000 | 90.254 | 161.396 |
| Vextir og verðbætur langtímalána ...................................... | 123.142 | 149.500 | 294.211 | 330.225 |
| Gengishagnaður langtímalána ............................................ | (38.704) | (110.000) | (41.068) | (110.000) |
| Önnur vaxtagjöld................................................................. | 15.998 | 18.500 | 16.296 | 18.500 |
| Sölutap hlutabréfa.............................................................. | 2.068 | 0 | 2.068 | 0 |
| | 102.503 | 58.000 | 271.506 | 238.725 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals........................ | 124.813 | 93.000 | (181.252) | (77.329) |

## Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

6. Rekstur málaflokka greinist þannig:

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur.......................................................................... | 0 | 2.616.861 | 2.616.861 | 2.583.580 |
| Félagsþjónusta.................................................................... | 321.351 | 53.924 | (267.427) | (263.754) |
| Heilbrigðismál.................................................................... | 6.870 | 0 | (6.870) | (9.151) |
| Fræðslu- og uppeldismál..................................................... | 1.660.187 | 200.071 | (1.460.116) | (1.447.998) |
| Menningarmál.................................................................... | 110.068 | 8.059 | (102.010) | (103.138) |
| Æskulýðs- og íþróttamál..................................................... | 489.745 | 119.870 | (369.874) | (357.859) |
| Brunamál og almannavarnir............................................... | 65.764 | 0 | (65.764) | (65.818) |
| Hreinlætismál..................................................................... | 84.616 | 22.282 | (62.333) | (62.247) |
| Skipulags- og byggingarmál................................................ | 120.170 | 13.671 | (106.500) | (105.063) |
| Umferðar- og samgöngumál................................................ | 331.427 | 22.785 | (308.642) | (237.570) |
| Umhverfismál..................................................................... | 154.394 | 10.242 | (144.151) | (93.155) |
| Atvinnumál......................................................................... | 53.375 | 18.086 | (35.289) | (38.188) |
| Sameiginlegur kostnaður.................................................... | 329.158 | 16.461 | (312.697) | (256.712) |
| Sameiginlegur kostnaður - breyting lífeyrisskuldb................ | 212.954 | 0 | (212.954) | 0 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld...................................... | 102.503 | 227.316 | 124.813 | 93.000 |
| Aðalsjóður samtals | 4.042.583 | 3.329.630 | (712.953) | (364.073) |
| **A-hluta stofnanir:** | | | | |
| Eignasjóður......................................................................... | (725.411) | 52.264 | 777.675 | (83.812) |
| Þjónustustöð....................................................................... | 110.749 | 15.396 | (95.353) | (86.444) |
| Bæjarsjóður samtals | 3.427.920 | 3.397.290 | (30.631) | (534.329) |

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags-áætlun |
|---|---|---|---|---|
| **B-hluta stofnanir:** | | | | |
| Fráveita Reykjanesbæjar | 127.049 | 126.975 | (74) | 50.085 |
| Vatnsveita Reykjanesbæjar | 75.326 | 67.243 | (8.083) | 12.945 |
| Húsnæðisnefnd Reykjanesbæjar | 1.188 | 2.200 | 1.013 | 0 |
| Framkvæmdasjóður aldraðra | 921 | 0 | (921) | 0 |
| Reykjaneshöfn | 225.816 | 79.631 | (146.185) | (128.406) |
| Álfabrú ehf | 3.797 | 2.839 | (958) | 0 |
| Fasteignafélag Reykjanesbæjar ehf | 224.757 | 126.354 | (98.403) | (91.070) |
| | 658.853 | 405.242 | (253.611) | (156.447) |
| Hlutdeildarfærslur | 0 | 195.265 | 195.265 | 0 |
| Samantekt samtals | 4.086.774 | 3.997.797 | (88.977) | (690.776) |

## Fastafjármunir

7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

**Bæjarsjóður**

| | Fasteignir og byggingaland | Götur og veitukerfi | Tæki og bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 3.996.177 | 16.316 | 58.924 | 4.071.416 |
| Afskrifað áður | (1.556.911) | (326) | (5.888) | (1.563.126) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 2.439.266 | 15.989 | 53.035 | 2.508.291 |
| Viðbót á árinu | 42.445 | 20.884 | 380 | 63.709 |
| Selt á árinu | (1.995.995) | 0 | (42.156) | (2.038.151) |
| Afskrifað á árinu | (34.324) | (744) | (1.247) | (36.315) |
| Bókfært verð í árslok | 451.391 | 36.129 | 10.013 | 497.533 |

**Samantekið**

| | Fasteignir og byggingaland | Götur og veitukerfi | Hafnar-mannvirki | Tæki, bifreiðar og lóðsbátur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Stofnverð í ársbyrjun | 6.044.124 | 1.826.904 | 479.254 | 157.418 | 8.507.701 |
| Afskrifað áður | (1.619.573) | (1.020.697) | (140.667) | (69.361) | (2.850.299) |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 4.424.551 | 806.207 | 338.587 | 88.057 | 5.657.402 |
| Viðbót á árinu | 265.404 | (17.284) | 260.232 | 4.729 | 513.082 |
| Selt á árinu | (2.145.654) | (346.730) | 0 | (56.199) | (2.548.584) |
| Afskrifað á árinu | (69.555) | (31.217) | (27.095) | (4.924) | (132.792) |
| Bókfært verð í árslok | 2.474.746 | 410.976 | 571.724 | 31.662 | 3.489.108 |

8. Fasteignamat og vátryggingamat fasteigna sveitarfélagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteigna-mat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| **Bæjarsjóður** | | | |
| Tónlistarskólar | 28.501 | 71.664 | 36.008 |
| Gæsluvellir | 20.204 | 30.788 | 13.232 |
| Íþróttamannvirki | 33.416 | 19.454 | 31.939 |
| Aðrar fasteignir og byggingaland | 329.631 | 326.128 | 370.213 |
| | 411.752 | 448.034 | 451.391 |
| **Samantekið** | | | |
| Fasteigna bæjarsjóðs sbr. skýringu hér að ofan | 411.752 | 448.034 | 451.391 |
| Fasteignir Reykjanesbæjar ehf. | 1.902.807 | 2.778.774 | 1.913.404 |
| Framkvæmdasjóður aldraðra Reykjanesbæ | 36.636 | 95.726 | 40.998 |
| Reykjaneshöfn | 18.746 | 132.850 | 68.952 |
| | 2.369.941 | 3.455.384 | 2.474.746 |

## Eignarhlutar í félögum

9. Eignarhlutar í félögum í árslok greinast þannig:

| | | **Bæjarsjóður** | **Samantekið** |
|---|---|---|---|
| | Hlutdeild | Bókfært verð | Bókfært verð |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum: | | | |
| Hitaveita Suðurnesja hf. | 40,46% | 4.153.754 | 4.794.386 |
| Álfabrú ehf. | 100,00% | 500 | 0 |
| Fasteignir Reykjanesbæjar ehf. | 100,00% | 275.699 | 0 |
| Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf. | 49,91% | 526.000 | 536.694 |
| | | 4.955.953 | 5.331.080 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum: | | | |
| Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja ehf. | 30,06% | 59 | 59 |
| Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf. | 21,86% | 71.974 | 71.974 |
| Heilsufélagið Bláa Lónið hf. | 0,06% | 600 | 600 |
| Helguvíkurmjöl hf. | 1,21% | 871 | 871 |
| Íslendingur ehf. | 23,00% | 8.000 | 8.000 |
| Íslenska magnesíumfélagið hf. | 1,40% | 6.000 | 6.000 |
| Landskerfi Bókasafna | 1,91% | 2.873 | 2.873 |
| Olíustöðin Helguvík hf. | 50,00% | 1.000 | 1.000 |
| Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. | 9,39% | 14.850 | 14.850 |
| Sparisjóðurinn í Keflavík | 11,35% | 2.094 | 2.094 |
| Talus ehf. | 0,94% | 200 | 200 |
| Tankabú Helguvík hf. | 10,00% | 50 | 50 |
| Tjarnargata 12 ehf. | 30,10% | 2.107 | 2.107 |
| Sorpeyðingastöð Suðurnesja s.f. | 66,92% | 33 | 33 |
| Samvinnutryggingar g.t. | | 2 | 2 |
| Afskriftareikningur eignarhluta | | (23.500) | (23.500) |
| | | 87.214 | 87.214 |
| | | 5.043.167 | 5.418.294 |

# Skýringar

## Langtímakröfur

10. Skuldabréfaeign greinist þannig:

| | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Byggingasjóður verkamanna | 12.751 | 12.751 |
| Gerðahreppur og Vatnsleysustrandarhreppur | 0 | 93.621 |
| Hitaveita Suðurnesja hf. | 327.292 | 327.292 |
| Almenn skuldabréfaeign | 195.340 | 254.058 |
| | 535.383 | 687.722 |
| - óbein afskrift skuldabréfa | (8.902) | (36.704) |
| | 526.481 | 651.017 |
| Næsta árs og gjaldfallnar afborganir | (145.138) | (163.480) |
| | 381.343 | 487.538 |
| Afborganir af skuldabréfaeign dreifast þannig á næstu ár: | | |
| Næsta árs og gjaldfallnar afborganir | 145.138 | 163.480 |
| Afborganir 2005 | 99.129 | 140.295 |
| Afborganir 2006 | 97.950 | 125.786 |
| Afborganir 2007 | 97.267 | 106.209 |
| Afborganir 2008 | 15.435 | 24.377 |
| Afborganir síðar | 80.463 | 127.575 |
| | 535.383 | 687.722 |

11. Aðrar langtímakröfur greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Varnarliðið vegna fráveituframkvæmda | 185.989 | 185.989 |
| Langtímahluti fjárveitingar til hafnarframkvæmda | 0 | 3.482 |
| - næsta árs afborganir | (21.256) | (21.256) |
| | 164.733 | 168.216 |

## Óinnheimtar tekjur

12. Óinnheimtar tekjur í árslok greinast þannig:

| | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Útsvör og aðstöðugjöld | | |
| Gjöld í innheimtu Sýslumannsins í Keflavík | 241.067 | 241.067 |
| - óbein afskrift gjalda | (28.930) | (28.930) |
| Sýslumaðurinn í Keflavík millireikningur | 1.708 | 1.708 |
| Útistandandi staðgreiðsla | 192.660 | 192.660 |
| | 406.505 | 406.505 |
| Fasteignagjöld | | |
| Gjöld í gjaldendabókhaldi bæjarsjóðs | 63.930 | 63.930 |
| | 63.930 | 63.930 |
| Aðrar tekjur | | |
| Gatnagerðargjöld | 31.607 | 31.607 |
| - óbein afskrift gjalda | (1.580) | (1.580) |
| Vistgjöld barna á leikskólum | 9.414 | 9.414 |
| Ýmsar tekjur | 18.687 | 18.687 |
| - óbein afskrift gjalda | (858) | (858) |
| | 57.269 | 57.269 |
| Óinnheimtar tekjur bæjarsjóðs alls | 527.704 | 527.704 |
| Viðskiptakröfur annarra félaga | 0 | 39.280 |
| Óinnheimtar tekjur alls | 527.704 | 566.984 |

13. Óinnheimt útsvör auk dráttarvaxta af þeim kröfum eru niðurfærð um óbeina afskrift. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim vanhöldum sem kunna að verða á innheimtu fyrirframgreindra krafna. Niðurskrift þessi nemur alls kr. 30.510.636, sem er um 12% óinnheimts útsvars, aðstöðugjalda og dráttarvaxta. Óbein afskrift útsvara og dráttarvaxta af þeim hækkar um kr. 4.776.332 á árinu sem eru færðar til lækkunar á skatttekjum.

Aðrar útistandandi tekjur, víxileign, skuldabréfaeign og viðskiptamenn vegna ábyrgða eru niðurfærð á sama hátt til að mæta vanhöldum sem kunna að verða á innheimtu þeirra. Í árslok hefur samtals verið lagt í afskriftasjóð vegna vistgjalda kr. 857.940, vegna víxileignar kr. 100.000, vegna skuldabréfaeignar kr. 8.901.736 og kr. 12.391.491 vegna viðskiptamanna. Ofangreindir afskriftasjóðir eru færðir til lækkunar á viðkomandi liðum í efnahagsreikningi. Óbeinar afskriftir vegna þessara krafna hækka um kr. 6.298.198 á árinu og er fært í málaflokk 21, sameiginlegur kostnaður. Á árinu var afskrifað beint vegna þessara krafna kr. 1.377.903.

## Eigið fé

14. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

| | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 3.819.164 | 3.143.786 |
| Endurmat hlutdeildarfélags Hitaveitu Suðurnesja hf. | 0 | 456.062 |
| Eigið fé Vatnsveitu flutt á bæjarsjóð | (32.653) | 0 |
| Rekstrarafkoma ársins | (30.631) | (88.977) |
| | 3.755.880 | 3.510.871 |

## Skuldbindingar

15. Á bæjarsjóði hvílir lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna bæjarfélagsins hjá Eftirlaunasjóði Reykjanesbæjar, B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði Hjúkrunarkvenna. Áfallin skuldbinding skv. útreikningi tryggingafræðings miðað við 2% ávöxtun nemur alls um kr. 1.461,7 milljónum í árslok 2003 og hefur þá hækkað um 212,9 milljónir króna frá sama tíma árið áður. Í lífeyrissjóði eins og Eftirlaunasjóði Reykjanesbæjar skal miða við 2% þar sem lífeyrisgreiðslur eru beintengdar við kauplagsþróun en að öðrum kosti er almennt miðað við 3,5% ávöxtun.

Á Reykjaneshöfn hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin nemur um 24,8 milljónum króna samkvæmt tryggingafræðilegu mati og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram launahækkanir. Hækkun skuldbindingarinnar nam 174 þúsundum króna og er fært til gjalda í rekstrarreikningi meðal launakostnaðar.

| | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbindingar frá fyrra ári | 1.248.715 | 1.273.408 |
| Leiðrétting vegna ársins 2002 | 148.133 | 148.133 |
| Hækkun ársins | 64.821 | 64.995 |
| Lífeyrisskuldbindingar í árslok | 1.461.669 | 1.486.536 |

## Langtímaskuldir

16. Yfirlit um langtímaskuldir:

| | Bæjarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum: | | |
| Skuldir í EUR | 596.153 | 764.442 |
| Skuldir í USD | 430.740 | 513.720 |
| Skuldir í JPY | 93.955 | 122.535 |
| Skuldir í GBP | 221.693 | 256.072 |
| Skuldir í CHF | 220.309 | 254.542 |
| Skuldir í SEK | 0 | 30.284 |
| | 1.562.851 | 1.941.594 |
| Skuldir í íslenskum krónum | 754.735 | 3.410.948 |
| | 2.317.586 | 5.352.543 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (260.430) | (395.888) |
| Langtímaskuldir í árslok | 2.057.156 | 4.956.654 |

17. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 260.430 | 395.888 |
| Afborganir 2005 | 209.830 | 584.171 |
| Afborganir 2006 | 148.998 | 419.819 |
| Afborganir 2007 | 150.053 | 282.111 |
| Afborganir 2008 | 128.235 | 684.600 |
| Afborganir síðar | 1.420.039 | 2.985.953 |
| | 2.317.586 | 5.352.543 |

## Ábyrgðir og veðsetningar

18. Á bæjarsjóði hvíla ábyrgðarskuldbindingar sem ekki hafa verið færðar í efnahagsreikning bæjarsjóðs. Þessar skuldbindingar eru eftirfarandi:

Hlutur bæjarsjóðs í ábyrgðarskuldbindingum til þriðja aðila sem bæjarstjórn hefur samþykkt með einfaldri bæjarábyrgð nemur alls að eftirstöðvum um 60,1 milljónir króna.

Bæjarsjóður er í greiðsluskuldbindingum vegna landakaupasamninga að fjárhæð 19,3 milljónir kr. og vegna íþróttamannvirkja að fjárhæð um 12,3 milljónir kr. Bæjarsjóður hefur ennfremur gert verksamning um viðhald Hafnargötu sem alls er að fjárhæð 352 milljónir kr. og hefur um 90 milljónir kr. af þeim samningi verið gjaldfærð í rekstrarreikningi. Eftirstöðvar verksamningsins um 262 milljónir hafa ekki verið færðir ársreikninginn en gert er ráð fyrir að verkinu ljúki á næsta ári.

Bæjarsjóður Reykjanesbæjar er í ábyrgðum á öllum skuldum sjálfstætt rekinna stofnana í eigu bæjarfélagsins. Hér er um að ræða skuldir Fasteigna Reykjanesbæjar ehf. um 1.736,4 milljónum króna og Reykjaneshafnar um 1.619,3 milljónir króna eins og þær voru samkvæmt efnahagsreikningi þessara stofnana í árslok 2003.

Bæjarsjóður Reykjanesbæjar ber ábyrgð að hluta á skuldum sameignarfélaganna Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja og Dvalarheimilis aldraðra á Suðurnesjum auk skulda Hitaveitu Suðurnesja hf. sem teknar voru áður en félagið var gert að hlutafélagi. Ábyrgð Bæjarsjóðs Reykjanesbæjar nemur um 496,8 milljónum króna fyrir Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, um 49,4 milljónum króna fyrir Dvalarheimili aldraðra á Suðurnesjum og um 1.124,3 milljónir króna í skuldum Hitaveitu Suðurnesja hf.

## Rekstrarleigusamningar

19. Reykjanesbær gerði á árinu 2003 rekstrarleigusamninga um leigu og rekstur á alls 27 fasteignum undir skóla, leikskóla, skrifstofur, æskulýðs- og íþróttastarf, byggðasafn og aðra starfsemi við Reykjanesbæ fasteignafélag ehf. Samningarnir eru allir til 30 ára og lýkur á árinu 2033. Leigugreiðslur hófust í maí 2003.

**Samningar við Reykjanesbæ fasteign ehf.:**

| | Upphaf | Nafnverð lágmarksleigugreiðslna | | | Núvirði |
|---|---|---|---|---|---|
| | leigutíma | 2004 | 2005-2008 | Síðar | leigugreiðslna |
| Íþróttahús (3 samningar)................................ | 1.5.2003 | 27.449 | 109.796 | 667.928 | 427.305 |
| Sundhöll (2 samningar).................................. | 1.5.2003 | 18.839 | 75.355 | 458.411 | 293.267 |
| Leikskólar (7 samningar)............................... | 1.5.2003 | 23.395 | 93.581 | 569.287 | 364.199 |
| Skólar (6 samningar)...................................... | 1.5.2003 | 121.162 | 484.647 | 2.948.269 | 1.886.145 |
| Aðrar eignir (8 samningar) ......................... | 1.5.2003 | 15.382 | 61.528 | 374.296 | 239.454 |
| Aðrar eignir (1 samningur)........................... | 1.12.2003 | 5.090 | 20.359 | 123.851 | 79.854 |
| Samtals | | 211.317 | 845.267 | 5.142.041 | 3.290.224 |

Heildarleigugreiðslur ársins 2003 vegna samninga þessara nam 203,5 milljónum króna.

Auk ofangreindra samninga eru í gildi samningar um leigu á alls 4 fasteignum undir bókasafn, skrifstofur og íþróttahöll við fasteignafélögin Mæni ehf. og Landsafl hf. Lengd leigusamninganna eru frá 10 til 35 ára og lýkur greiðslu þeirra í síðasta lagi á árinu 2034:

**Aðrir samningar:**

| | Upphaf | Nafnverð lágmarksleigugreiðslna | | | Núvirði |
|---|---|---|---|---|---|
| | leigutíma | 2004 | 2005-2008 | Síðar | leigugreiðslna |
| Bókasafn - Hafnarg. 57 (12 ár) | 1.9.1993 | 10.817 | 7.211 | 0 | 16.971 |
| Bæjarskr. - Hafnarg. 57 (10 ár) | 1.1.1997 | 3.941 | 7.882 | 0 | 10.772 |
| Bæjarskr. - Tjarnarg.12 (20 ár) | 1.2.1999 | 13.939 | 55.755 | 140.549 | 147.215 |
| Reykjaneshöll (35 ár) | 1.2.1999 | 33.972 | 135.886 | 852.120 | 535.022 |
| | | 62.668 | 206.734 | 992.668 | 709.980 |

Heildarleigugreiðslur vegna annarra samninga námu um 62,5 milljónum króna á árinu 2003.

Skv. ofangreindum leigusamningum hefur leigutaki ekki kauprétt á hinum leigðu eignum gegn óverulegri greiðslu og eignarréttur flyst ekki yfir til leigutaka í lok leigutíma. Leigutími þessara samninga er talsvert skemmri en áætlaður líftími eignanna og núvirði lágmarksleigugreiðslna er undir raunvirði þeirra. Leigusamningar þessir eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og því ekki eignfærðir né skuldbinding vegna þeirra færðar til skuldar í efnahagsreikningi.

# Skýringar

## Kennitölur

| | Bæjarsjóður | | Samantekið | |
|---|---|---|---|---|
| | 2003 | Fjárhags- áætlun 2003 | 2003 | Fjárhags- áætlun 2003 |
| 20. **Í hlutfalli við rekstrartekjur** | | | | |
| Skatttekjur ........................................................................ | 71,45% | 76,11% | 64,00% | 68,62% |
| Framlög jöfnunarsjóðs ........................................................ | 10,16% | 6,73% | 9,16% | 6,07% |
| Aðrar tekjur ....................................................................... | 18,39% | 17,15% | 26,83% | 25,31% |
| Laun og launatengd gjöld..................................................... | 59,22% | 56,73% | 54,97% | 52,71% |
| Önnur rekstrargjöld ............................................................ | 68,10% | 63,39% | 72,17% | 65,03% |
| Breytingar á lífeyrisskuldbindingum vegna fyrri ára............ | 4,67% | 0,00% | 4,21% | 0,00% |
| Fjármagnsliðir, nettó........................................................... | (3,94%) | (2,98%) | 5,16% | 2,24% |
| Rekstrarniðurstaða................................................................ | (0,97%) | (17,13%) | (2,53%) | (19,97%) |
| 21. **Í þúsundum króna á íbúa** | | | | |
| Skatttekjur og jöfnunarsjóður............................................... | 237 | 237 | 236 | 237 |
| Aðrar tekjur......................................................................... | 53 | 49 | 86 | 80 |
| Rekstrartekjur samtals......................................................... | 291 | 286 | 322 | 317 |
| Rekstrargjöld og fjármagnsliðir............................................ | (359) | (335) | (426) | (380) |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna ........................................... | 79 | 0 | 82 | 0 |
| Hlutdeildartekjur.................................................................. | 0 | 0 | 28 | 0 |
| Lífeyrisskuldbindingar - breyting fyrri ára........................... | (14) | 0 | (14) | 0 |
| Rekstrarniðurstaða ársins .................................................... | (3) | (49) | (8) | (63) |
| | **31.12 2003** | **31.12 2002** | **31.12 2003** | **31.12 2002** |
| Eignir.................................................................................... | 732 | 865 | 1.011 | 1.047 |
| Eigið fé................................................................................. | 344 | 350 | 322 | 280 |
| Skuldir og skuldbindingar.................................................... | 388 | 515 | 689 | 767 |
| 22. **Aðrar lykiltölur** | | | | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir........... | 2,02 | 0,76 | 1,37 | 0,65 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildarfjármagn........................ | 47,02% | 40,47% | 31,85% | 26,73% |
| 23. **Íbúafjöldi** | | | | |
| Í ársbyrjun........................................................................... | 10.914 | 10.909 | 10.914 | 10.909 |
| Breyting á árinu................................................................... | (7) | 5 | (7) | 5 |
| Í árslok................................................................................. | 10.907 | 10.914 | 10.907 | 10.914 |